

ÚRBÓTATÆKIFÆRI Í MENNTAMÁLUM Á SUÐURNESJUM

*Skýrsla unnin í júní
2014 fyrir Samband
sveitarfélaga á
Suðurnesjum*

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Úrbótatækifæri í menntamálum – forgangsröðun verkefna	2
3. Stýrihópur SSS	2
4. Verkáætlanir.....	3
1. Markaðsátak til að breyta ímynd menntunar	3
2. Minnka brottfall	4
3. Bæta námsárangur	5
4. Virkja bráðgera nemendur	5
5. Efla mat og eftirlit með gæðum skólastarfs	6
6. Aukin kynning á námsframboði.....	7
7. Efla samstarf og upplýsingaflæði á milli skólastiga	7
5. Samantekt verkáætlana	8
5.1. Hverjir vinna verkefnin	9
5.2. Tímamörk verkefna.....	11
5.3. Kostnaður við framkvæmd	11
6. Heimildir.....	12
Viðauki 1: Yfirlit yfir fundadaga og mætingu	13

1. Inngangur

Í kjölfar niðurstaðna sóknaráætlunar Suðurnesja er varða menntamál á svæðinu var haldinn samráðsfundur um menntamál þann 18. nóvember 2013. Fundurinn var skipulagður sem svokallaður úrbótafundur sem miðar að því að skilgreina á hvaða sviðum er hægt að gera betur. Á fundinum komu fram 72 úrbótatækifæri sem flokkuð voru niður í 17 verkefni og þeim síðan forgangsraðað. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) ákvað að skipa stýrihóp til að halda áfram með verkefnið og fá hann til að beina sjónum sérstaklega að fyrstu tíu forgangsverkefnunum með það fyrir augum að setja saman verkáætlun fyrir hvert þeirra. Til viðbótar átti hópurinn að taka málefni fjarnáms á svæðinu til umfjöllunar og ræða hvort hægt sé að nýta kosti þess til að efla menntun á Suðurnesjum.

Stýrihópurinn var skipaður tíu fulltrúum mennta- og rannsóknastofnana, fræðsluskrifstofa eða fræðslunefnda sveitarfélaga og stéttarfélaga á svæðinu og fundaði tvisvar sinnum í mánuði fyrri hluta árs 2014, alls átta sinnum. Hér á eftir verður fjallað um afrakstur þeirrar vinnu.

2. Úrbótatækifæri í menntamálum – forgangsröðun verkefna

Forgangsröðun þeirra verkefna sem unnin voru úr úrbótatækifærum var eftirfarandi:

1. Markaðsátak til að breyta ímynd menntunar (65 stig)
2. Minnka brottfall (60 stig)
3. Bæta námsárangur (55 stig)
4. Virkja bráðgera nemendur (50 stig)
5. Efla mat og eftirlit með gæðum skólastarfs (50 stig)
6. Aukin kynning á námsframboði (45 stig)
7. Efla samstarf og upplýsingaflæði milli skólastiga (45 stig)
8. Efla tengsl heimilis og skóla (45 stig)
9. Bregðast betur við vísbendingum um vanlíðan nemenda (45 stig)
10. Betrumbæta námsefni og kennsluhætti (40 stig)

3. Stýrihópur SSS

Í framhaldi af samráðsfundinum var ákveðið að skipa stýrihóp til að halda áfram með verkefnið. Stjórn SSS skipaði í hópinn og í honum sátu:

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, fulltrúi stéttarfélaga

- Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS)
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis
- Ingibjörg María Guðmundsdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Grindavíkur
- Ingibjörg Hilmarsdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS)
- Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólastjóri Fisktækniskólans

Hanna María Kristjánsdóttir var valin hópstjóri. Hún sá um að boða til funda, stýrði vinnunni og hélt utan um afrakstur og skýrslugerð. Hópurinn fundaði alls átta sinnum á fyrri hluta árs 2014, yfirlit yfir fundadaga og mætingu má sjá í viðauka 1. Ekki var greitt fyrir fundasetuna.

4. Verkáætlanir

Á þeim átta fundum sem stýrihópurinn hélt tókst að leggja drög að verkáætlunum sjö forgangsverkefna. Við vinnuna var leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvað ætlum við að gera?
- Hvernig ætlum við að gera það?
- Hverjir munu vinna verkið?
- Hvenær verður það unnið?
- Hversu mikla peninga mun það kosta?

Eftirfarandi verkáætlanir urðu til:

1. Markaðsátak til að breyta ímynd menntunar

Hvað ætlum við að gera?

- Halda jákvæðri ímynd menntunar á svæðinu hátt á lofti.
- Greina þörf atvinnulífsins í ákveðnum starfsgreinum á svæðinu.
- Skapa umræðuvettvang fyrir skóla og atvinnulíf til að breyta viðhorfum fólks í garð verk- og starfsnáms og til að kanna þarfir atvinnulífsins.
- Stuðla að því að stutt starfsnám verði viðurkennt af atvinnulífinu.
- Stuðla að breyttum viðhorfum foreldra og samfélags gagnvart verk- og starfsnámi.
- Halda málþing á Suðurnesjum þar sem fjallað verður um ímynd menntunar og viðhorf til náms.

Hvernig ætlum við að gera það?

- Vekja athygli á því sem vel er gert bæði hér og út fyrir svæðið, með umfjöllun í fjölmiðlum.

- Byggja á niðurstöðum viðtala við forsvarsmenn atvinnulífsins sem tekin voru í tengslum við þróunarverkefni um eflingu menntunar á Suðurnesjum árið 2012.
- Gera könnun á þörfum atvinnulífsins hjá ákveðnum fyrirtækjum.
- Tryggja það að starfsgreinakynning fyrir grunnskólanema verði fastur liður, haldin árlega. Stuðla að því að forráðamenn mæti með börnum sínum.
- Vekja athygli á störfum iðnaðarmanna og þeirra sem eru með verk- og starfsmenntun. Sýna fram á að margir í þeim geira eru að gera það gott. Þetta má til dæmis gera í Víkurfréttum og á vf.is, Viskustykki, tímariti nemendafélags FS og Tæknifræðingnum, tímariti útskriftarnemenda Keilis í tæknifræði.
- Menntavagninn - Hópur frá FS, Keili, Fisktækniskólanum og MSS færi á milli allra grunnskóla á svæðinu, og fleiri úrræða eins og Fjölsmiðjunnar og Samvinnu sem dæmi, og með í för yrðu starfsmenn úr atvinnulífinu með tiltekna menntun, þaðan sem ákveðið er að áherslan liggi hverju sinni. Kostur að hafa einhvern þekktan einstakling með sem nær vel til nemendanna.
- Fá Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi (SAR) og Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja til að kalla saman hóp aðila úr atvinnulífinu og skólunum einu sinni á ári til að ræða málin.
- Aukin kynning framhaldsskóla á námsframboði fyrir foreldra. Velta þarf fyrir sér bestu leiðinni til að ná til hópsins.

2. Minnka brottfall

Hvað ætlum við að gera?

- Draga úr fjölda þeirra sem hætta í framhaldsskóla.
- Auka fjölda þeirra grunnskólanemenda sem fara í framhaldsskóla að loknum 10. bekk.

Hvernig ætlum við að gera það?

- Taka upp árlega skimun fyrir brottfallshættu í grunnskólunum í 8. – 10. bekk og setja upp viðbragðsáætlun fyrir þá nemendur sem skora hátt.
- Lagt er til að Suðurnesin verði í tilraunahópi með öðrum sveitarfélögum (Samband sveitarfélaga á höfuborgarsvæðinu hefur til dæmis unnið að þessu undanfarið) til að leggja skimunarprófið fyrir í efstu bekkjum grunnskólanna á Íslandi.
- Halda skimun fyrir brottfallshættu nemenda áfram í FS.
- Mynda teymi (námsráðgjafar grunnskólanna og framhaldsskólanna á svæðinu) sem fylgir 10. bekkjum eftir að lokinni útskrift. Fylgja þessum nemendum eftir í tvö ár, til 18 ára aldurs.
- Halda áfram að leggja áherslu á læsi og stærðfræði í leikskólunum og grunnskólum og nota skimunarpróf til að meta framfarir og árangur.
- Halda starfsgreinakynningunni gangandi.

3. Bæta námsárangur

Hvað ætlum við að gera?

- Halda áfram að leggja áherslu á lestur og stærðfræði í leikskólum og á öllum stigum grunnskóla.
- Leggja áherslu á aukna vellíðan nemenda í skólanum.
- Gera auknar kröfur og raunsæjar þegar kemur að námsárangri, bæði til nemenda og kennara.
- Stuðla að því að nemendur læri það sem þeir hafa áhuga á og getu til.
- Einstaklingsmiðuð kennsla – að mæta öllum nemendum þar sem þeir eru.
- Enn meiri stuðningur fyrir nemendur með námserfiðleika og sérhópa t.d. innflytjendur.
- Hvetja til heilbrigðs lífnis – gott fæði og nægur svefn.

Hvernig ætlum við að gera það?

- Gæta samræmis á milli sveitarfélaga þegar kemur að námsáherslum í leikskólum og á yngri stigi grunnskóla. Grindavík, Reykjanesbær, Garður og Sandgerði eru nú þegar í samskiptum um ákveðin atriði og deila reynslu sinni.
- Leggja áherslu á að finna þá nemendur sem eru að upplifa vanlíðan.
- Aukin fræðsla fyrir kennara til að koma auga á þá nemendur sem líður illa og bregðast rétt við, styrkja þá til að taka aukna ábyrgð á líðan nemenda og aðstoða þá við að verða virkari í úrvinnslu mála.
- Það vantar aukið fjármagn til að styrkja sérfræðiþjónustuna, svo að biðtími styttest og hægt verði ná til fleiri með öflugri hætti.
- Efla náms- og starfsfræðslu og tryggja að starfsgreinakynningin verði reglulega.
- Horfa til samræmdra prófa og skimana til að setja fram raunsæjar kröfur – nýta niðurstöðurnar í þágu nemenda og kennara, með því að greina þær og bregðast við.
- Leggja áherslu á að hugsað sé um námið heildstætt frá 2ja ára - 20 ára, óháð skólastigum.

4. Virkja bráðgera nemendur

Hvað ætlum við að gera?

- Einstaklingsmiðuð nám þar sem tekið er tillit til allra nemenda, bæði þeirra sem þurfa stuðning og þeirra sem þurfa hann ekki – krefjandi verkefni fyrir alla nemendur á öllum skólastigum.
- Allir skólar á svæðinu ættu að setja sér stefnu í málefnum bráðgera nemenda.
- Tryggja það að áfangar fyrir grunnskólanemendur í FS standi öllum nemendum til boða á svæðinu, óháð búsetu.

- Styrkveitingar og viðurkenningar sveitarfélaga til nemenda sem standa sig vel við lok grunnskóla og til þeirra sem ljúka öðru ári í framhaldsskóla líkt og tíðkast í Vogunum.

Hvernig ætlum við að gera það?

- Nýta skimunartækin betur fyrir bráðgera nemendur, rýna betur í niðurstöður þeirra sem skora hæst. Það þarf að gæta þess að ýta ekki til hliðar góðu niðurstöðunum heldur hugsa: hvað ætlum við að gera fyrir þessa nemendur, alveg eins og þá sem þurfa stuðning.
- Sveitarfélögin á svæðinu þurfa að vera opin fyrir því að greiða leið nemenda sem vilja taka áfanga í FS, til Reykjanesbæjar. Nemendurnir taka skólarútu FS aftur til baka. Strætó á milli allra bæjarfélaganna myndi hjálpa til ef ferðir yrðu stílaðar inn á tímasetningar áfanganna.
- Það gengur strætó frá Grindavík til Reykjanesbæjar að morgni og seinni part en þyrfti að vera hina leiðina líka, fyrir nemendur sem eru í Fisktækniskólanum.
- Hver skóli þarf að skoða stefnumótun í málefnum bráðgerra nemenda.
- Hvert sveitarfélag þarf að skoða möguleika á viðurkenningum til grunnskólanemenda og eftir annað ár í framhaldsskóla.

5. Efla mat og eftirlit með gæðum skólastarfs

Hvað ætlum við að gera?

- Tryggja gagnsæi.
- Reglulegar kynningar á því sem er að gerast á hverjum stað.
- Aukin samræming á milli sveitarfélaga, til dæmis hvað varðar þær kröfur sem gerðar eru og hvað varðar náms- og starfsráðgjöf innan grunnskólanna.
- Fylgjast markvisst og reglulega með vellíðan nemenda.
- Aukin fræðsla til foreldra – hvað eru gæði í skólastarfi? Ráðamenn í sveitarfélögum þurfa líka að vera meðvitaðir um þetta.

Hvernig ætlum við að gera það?

- Fá utanaðkomandi matsaðila til að gera heildarúttekt á stöðunni eins og hún er í dag í skólum á svæðinu.
- Hver skóli fyrir sig þarf að tryggja gott upplýsingaflæði út í samfélagið og til foreldra á því sem er að gerast í skólanum. Skoða nýjar leiðir til að koma upplýsingum til foreldra af nýrri kynslóð – hverju skila auglýsingar í blöðum og bæklingar?
- Hver skóli fyrir sig þarf að kanna mjög reglulega líðan allra nemenda sinna og bregðast við niðurstöðunum og/eða nýta niðurstöður Rannsókna og greiningar (eða annarra) eins vel og hægt er.

- Halda kynningarfundum, málþing eða ráðstefnur fyrir foreldra og skólafólk þar sem fjallað er um gæði í skólalastarfi. Eins hægt að koma hugleiðingum til foreldra í byrjun hvers skólaárs en skoða þarf vel hvaða miðill hentar best til þess.
- Fá FFGÍR með í þessa vinnu. Skoða hvernig hægt er að ýta undir meiri virkni foreldra í starfi FFGÍR.

6. Aukin kynning á námsframboði

Hvað ætlum við að gera?

- Tryggja að starfsgreinakynningin sé haldin reglulega og hafa námskynningu samhliða.
- Tryggja að menntavagninn verði að veruleika – ferðist á milli skóla á svæðinu og kynni námsframboð á Suðurnesjum og ólíkar starfsgreinar.
- Tryggja að fræðsluskrifstofur/skólar á svæðinu samræmi náms- og starfsfræðslu í skólum á Suðurnesjum.

Hvernig ætlum við að gera það?

- Náms- og starfsgreinakynning árlegur viðburður að hausti fyrir tvo árganga grunnskólanna á svæðinu, t.d. 7. og 10. bekk.
- Menntavagninn heimsækir alla skóla á Suðurnesjum að vori og tryggir þannig sambærilegar kynningar fyrir alla þá nemendur sem þær beinast að hverju sinni.
- Samráðshópur náms- og starfsráðgjafa á svæðinu sem stofnaður var haustið 2013 gæti skoðað möguleika á samræmingu náms- og starfsfræðslu í grunnskólum á svæðinu.

7. Efla samstarf og upplýsingaflæði á milli skólastiga

Hvað ætlum við að gera?

- Fylgja tilraunaverkefni í Sandgerði eftir, þar verður samþykkið forráðamanna afluð svo námsráðgjafi grunnskólans megi fylgja nemendum eftir í einhver ár eftir grunnskólann, til að finna þá sem eru hvorki í námi né vinnu. Ef vel gengur ætti að yfirfæra þetta á alla grunnskólana.
- Halda áfram að efla samstarf og samræðu á milli skólastjórnenda, kennara og náms- og starfsráðgjafa allra skólastiga með reglulegum fundum.
- Fá ætlað samþykki forráðamanna allra grunnskólanemenda fyrir því að ákveðnar upplýsingar, svo sem greiningar og upplýsingar um sértæka námserfiðleika, færast á milli grunnskóla og framhaldsskóla svo hægt sé að veita nemendum bestu mögulegu þjónustu og aðstoð.

Hvernig ætlum við að gera það?

- Verkefnisstjóri menntamála hjá SSS kemur á tengslum við Sandgerðisskóla varðandi verkefnið og kemur á kynningarfundum á niðurstöðunum fyrir hina skólana á svæðinu. Fræðsluskrifstofurnar koma að þessu líka.
- Ræða þarf möguleika á ætluðu samþykki foreldra meðal skólastjórnenda allra grunnskóla á svæðinu. Koma á reglulegum fundum allra – efla SkóSuð.
- Tryggja að fundur sem Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar stóð fyrir í fyrra á Selfossi verði að reglulegum viðburði, þar hittust fulltrúar flestra leikskóla, grunnskóla á svæðinu, framhaldsskólans og tónlistarskólans. Mikilvægt að fundurinn sé í boði fyrir öll sveitarfélögin – mögulega best að hann sé haldinn á vegum SSS til að tryggja það.

5. Samantekt verkáætlana

Alls náðist að vinna verkáætlanir fyrir sjö af þeim tíu verkefnum sem lagt var upp með. Verkefnin sjö tengjast allnokkuð og geta leitt hvert af öðru. Annars vegar snúa þau að hag nemenda þar sem bæta á námsárangur, virkja bráðgera nemendur og draga úr brottfalli og hins vegar að kerfislegri þáttum eins og aukinni kynningu á námsframboði, auknu eftirliti með gæðum skólastarfs, auknu samstarfi og upplýsingaflæði milli skólastiga og breyttri ímynd menntunar. Lausnir á þeim þremur verkefni sem ekki náðist að vinna verkáætlanir fyrir felast að einhverju leyti í þeim verkáætlunum sem tilbúna eru, sérstaklega til að efla tengsl heimilis og skóla og bregðast betur við vísbendingum um vanlíðan nemenda. Úrbætur sem snúa að því að bæta námsárangur, virkja bráðgera nemendur og draga úr brottfalli munu svo án efa fela í sér þróun á námsefni og kennsluháttum með það að markmiði að höfða til allra nemenda. Stýrihópurinn komst því miður ekki yfir að fjalla um málefni fjarnáms á svæðinu.

Heilt yfir miða verkáætlanirnar allar að því að halda betur utan um alla nemendur, til dæmis með markvissum greiningum á líðan, getu, áhugasviði og ýmsum áhættuþáttum; bregðast betur og fyrr við vandamálum innan skólanna og í teymi við utanaðkomandi aðila eins og félagsþjónustur sveitarfélaganna og að efla skimanir og nýtingu niðurstaðna til úrbóta. Þá er lagt til að ýmiskonar fræðsla og kynning til foreldra, skólafólks og samfélagsins alls verði aukin meðal annars til að stuðla að því að nemendur velji sér nám við hæfi, til að stuðla að breyttum viðhorfum samfélagsins til menntunar og ólíkra námsgreina og til að vekja athygli á því góða starfi sem unnið er í skólum á Suðurnesjum. Verkáætlanirnar miðast líka að aukinni samræmingu, tengslamyndun og upplýsingaflæðis á milli skólastiga, skóla og atvinnulífs og loks heimilis og skóla.

Í fjórða kafla hér að framan má sjá yfirlit yfir meginþætti verkáætlananna – hvað á að gera og hvernig á að gera það. Þeim spurningum er hins vegar ósvarað hverjir eiga að framkvæma þessi verkefni, hvenær og hvað það muni kosta. Fjallað verður um það hér á eftir.

5.1. Hverjir vinna verkefni

- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
 - Stuðlar að samræmi á milli sveitarfélaga þegar kemur að námsáherslum og náms- og starfsfræðslu í leik- og grunnskólum til dæmis.
 - Tryggir aukið fjármagn til að styrkja sérfræðiþjónustu.
 - Stuðla að því að hugsað sé um nám á svæðinu heildstætt frá 2-20 ára aldri, óháð skólastigum.
 - Ber ábyrgð á náms- og starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur.
 - Tryggir jafna möguleika nemenda úr öllum sveitarfélögum á svæðinu sem hafa áhuga á að taka áfanga í FS samhliða grunnskólanámi þegar kemur að akstri til og frá skóla.
 - Skoðar möguleika á viðurkenningum til grunnskólanemenda og að loknu öðru ári í framhaldsskóla.
- Nýr starfsmaður á vegum SSS – verkefnisstjóri menntamála
 - Sér um umfjallanir í fjölmiðlum í samstarfi við skóla og fleiri ímyndar- og kynningarmál.
 - Hefur yfirumsjón með skipulagningu og framkvæmd náms- og starfsgreinakynningar.
 - Sér um framkvæmd kannana og úttekta, til dæmis í tengslum við atvinnulífið.
 - Stuðlar að og heldur utan um formlegt samstarf á milli skólastiganna.
 - Stuðlar að eflingu samstarfs skólastjórnenda á Suðurnesjum – SkóSuð.
 - Stuðlar að því að fundur fulltrúa allra skóla og skólastiga á Suðurnesjum verði árlegur viðburður (sambærilegur þeim fundi sem Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar stóð fyrir á Selfossi í fyrra).
 - Ber ábyrgð á verkefni sem miðar að því að minnka brottfall úr skólum og auka hlutfall þeirra sem fara í framhaldsskóla að loknum 10. bekk.
 - Kemur á tengslum við Sandgerðisskóla vegna tilraunaverkefnis varðandi ætlað samþykki forráðamanna og kemur á kynningarfundum á niðurstöðunum fyrir hina skólana á svæðinu í samstarfi við fræðsluskrifstofurnar.
 - Skipuleggur ferðir menntavagnsins.
 - Samskipti við utanaðkomandi matsaðila.
 - Skipulagning á kynningarfundum eða málþingi fyrir foreldra, bæjarfulltrúa og skólafólk þar sem fjallað verður um hvernig skilgreina má gæði í skólastarfi, ímynd menntunar og viðhorf til náms sem dæmi.
 - Samskipti við FFGÍR.
- Fræðsluskrifstofur skólanna á svæðinu
 - Tryggja samræmi náms- og starfsfræðslu í skólum á Suðurnesjum og hafa eftirlit með því.

- Fræðsla fyrir kennara, til dæmis til að aðstoða þá við að koma betur auga á þá nemendur sem líður illa í skólanum og kenna þeim að bregðast rétt við.
- Styrkja kennara til að taka aukna ábyrgð á líðan nemenda og aðstoða þá við að verða virkari í úrvinnslu mála.
- Stuðla að betri nýtingu skimunartækja, til dæmis með bráðgera nemendur í huga.
- Samskipti við utanaðkomandi matsaðila.
- Stuðlar að eflingu samstarfs skólastjórnenda á Suðurnesjum – SkóSuð.
- Allar menntastofnanir á svæðinu taka þátt
 - Fulltrúar þeirra manna menntavagninn.
 - Gera reglulegar kannanir á líðan allra nemenda.
 - Finna þá nemendur sem upplifa vanlíðan í skólanum.
 - Fara í stefnumótun í málefnum bráðgera nemenda.
 - Skólastjórnendur grunnskólanna sjá um að senda kynningarefni og fyrirsmæli til ráðgjafa, kennara og foreldra vegna náms- og starfsgreinakynningar.
- Náms- og starfsráðgjafar skólanna verða í lykilhlutverki í mörgum verkefnum
 - Leggja skimunarpróf fyrir nemendur og setja saman viðbragðsáætlanir í samræmi við niðurstöður.
 - Mynda teymi sem fylgir nemendum úr 10. bekk eftir að útskrift lokinni.
 - Stuðla að betri nýtingu skimunartækja, til dæmis með bráðgera nemendur í huga.
 - Samráðshópur náms- og starfsráðgjafa á svæðinu ætti að ræða möguleika á aukinni kynningu námsframboðs sem þarf að ná til foreldra.
 - Samráðshópurinn ætti einnig að skoða möguleika á samræmingu náms- og starfsfræðslu í grunnskólum á svæðinu.
- Félagshjónustur sveitarfélaganna
 - Samvinna við skóla vegna þeirra nemenda sem eru hvergi, hvorki í vinnu né í skóla, að loknum 10. bekk.
- Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi (SAR)
 - Tengiliður á milli atvinnulífs og skóla.
 - Kallar saman hóp aðila úr atvinnulífinu og skólunum einu sinni á ári til að ræða málin í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja – þarfir atvinnulífs þegar kemur að menntun starfsfólks og tengsl atvinnulífs og skóla.
- Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja
 - Tengiliður á milli atvinnulífs og skóla.
 - Kallar saman hóp aðila úr atvinnulífinu og skólunum einu sinni á ári til að ræða málin í samstarfi við SAR – þarfir atvinnulífs þegar kemur að menntun starfsfólks og tengsl atvinnulífs og skóla.

5.2. Tímamörk verkefna

Flest verkefnanna eru langtímaverkefni sem vinna þarf að jafnt og þétt og klárast í raun aldrei. Mörg verkefnanna geta hafist strax næsta haust 2014 og vorið 2015.

Tímasett verkefni:

- Úthringingar náms- og starfsráðgjafa grunnskóla í útskrifaða nemendur fara fram einu sinni til tvisvar sinnum á ári.
- Náms- og starfsgreinakynning haldin árlega að hausti.
- Menntavagninn ferðast á milli grunnskólanna árlega að vori, stuttu fyrir val og forinritun í framhaldsskólana.
- Öflun ætlaðs samþykkis frá foreldrum allra grunnskólanemenda fer fram árlega í byrjun hvers skólaárs.

5.3. Kostnaður við framkvæmd

Ekki reyndist mögulegt að setja saman nákvæmar kostnaðaráætlanir fyrir hvert verkefni. Miðað við þær hugmyndir sem settar eru fram í verkáætlunum yrði mestur kostnaður vegna nýs stöðugildis verkefnisstjóra menntamála eða fræðslufulltrúa hjá SSS. Þá er gert ráð fyrir því að starfsgreinakynning verði árlegur viðburður og jafnvel námskynning samhliða. Verkefnisstjórinn myndi sjá um skipulagningu þessara viðburða en kostnaður hlýst vegna leigu á húsnæði, prentunar á auglýsingum og upplýsingaspjöldum og veitinga fyrir þátttakendur sem dæmi. Einnig er gert ráð fyrir því að skólar á framhaldsstigi á Suðurnesjum taki sig saman um stofnun svokallaðs menntavagns sem ferðast á milli grunnskóla á Suðurnesjum og kynnir námsframboð sitt með áherslu á ákveðnar greinar hverju sinni, með þátttöku fólks úr atvinnulífinu. Einhver kostnaður myndi væntanlega hljóta af þessu þar sem þátttakendum úr atvinnulífinu yrði mögulega greitt fyrir vinnuna.

Mörg af þeim verkefnum sem lagt er til að fara í lenda á herðum skólanna á svæðinu og þá sérstaklega náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna. Gera má því ráð fyrir að auka þurfi við stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í einhverjum skólum.

Líklegir kostnaðarliðir:

- Stöðugildi verkefnisstjóra menntamála
- Aukin stöðugildi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum
- Náms- og starfsgreinakynning – húsnæði, prentun og veitingar
- Menntavagninn – launa- og ferðakostnaður
- Kostnaður vegna kannana og úttekta

6. Heimildir

Expectus (Janúar 2014). Samstarf í menntamálum á Suðurnesjum. Samantekt og samstarfsáætlun fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Reykjavík: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðauki 1: Yfirlit yfir fundadaga og mætingu

Fundur 26. febrúar 2014

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, fulltrúi stéttarféлага og atvinnulífs
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis
- Ingibjörg María Guðmundsóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Grindavíkurbæjar
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS
- Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólastjóri Fisktækniskólans

Fundur 13. mars 2014

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, fulltrúi stéttarféлага og atvinnulífs
- Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður MSS
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis
- Ingibjörg María Guðmundsóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Grindavíkurbæjar
- Ingibjörg Hilmarisdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS

Fundur 27. mars 2014

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, fulltrúi stéttarféлага og atvinnulífs
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Ingibjörg María Guðmundsóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Grindavíkurbæjar
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS

Fundur 10. apríl 2014

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður MSS
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Ingibjörg Hilmarisdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS

- Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólastjóri Fisktækniskólans

Fundur 8. maí 2014

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, fulltrúi stéttarféлага og atvinnulífs
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Ingibjörg Hilmarsdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS

Fundur 21. maí 2014

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, fulltrúi stéttarféлага og atvinnulífs
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS
- Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólastjóri Fisktækniskólans

Fundur 4. júní 2014

- Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður MSS
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Ingibjörg Hilmarsdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
- Jóngeir Hjörvar Hlinason, formaður fræðslunefndar sveitarfélagsins Voga
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS
- Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólastjóri Fisktækniskólans

Fundur 18. júní 2014

- Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
- Ingibjörg María Guðmundsdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Grindavíkurbæjar
- Ingibjörg Hilmarsdóttir, fulltrúi Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar
- Kristján Ásmundsson, skólameistari FS